

Lokaskýrsla vegna styrks frá Sprotastjóði

2013-2014

Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar – Námsmat

UMS-95

Jón R. Hilmarsson, skólastjóri Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Júní 2014

Nafn skóla: Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Nafn verkefnisins: Skólanámskrá Leik- og grunnskólans – Námsmat í skólanámskrá

Nafn verkefnisstjóra: Jón R. Hilmarsson, skólastjóri

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-95. Styrkár: 2013

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Í umsókninni voru þessir þættir tilgreindir sem markmið verkefnisins:

Á þessum vetri sem er að líða hefur verið unnið að sameiginlegri skólanámskrá leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Það sem verður klárt eftir veturinn er; stefna skólans, samstarf og samfella í starfi leik- og grunnskólans og grunnþættirnir sex.

Á næsta vetri liggur fyrir að fara í gegnum námsmatið, búa til samfellu í því og aðlaga að nýrri aðalnámskrá. Fyrir liggur að kennsluhættir í leik- og grunnskólanum í heild verða endurskoðaðir m.a. með hliðsjón af stærð skólans, þ.e. samstarfi elstu barna leikskólans og yngsta stigs grunnskólans og samkennsluhópum /-samsetningu grunnskólans. Breyta kennsluskipulagi þannig að um teymi verða að ræða í 1.-3. bekk (einnig tengingu við leikskólann), 4. - 7. bekk og síðan unglíngastigið 8.-10. bekkur. Einnig verður fléttað inn í námsmatið áherslum skólans í Umhverfismennt og Tæknimennt (Tæknimennt nær yfir Ipad innleiðinguna, almenna tölvunotkun og upplýsingatækni). Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar verður fyrsti skólinn á landsvísi til að innleiða Ipad inn í allt skólastarfið sitt og gerist það í tveimur þrepum næsta vetur, unglíngastig að hausti og síðan elsta stig leikskólans og 1.-7. bekkur í janúar 2014.

Það sem var gert veturinn 2013-2014:

Búin var til stefna, markmið og leiðir að séráherslum skólans í verkefnum sem koma þvert á námsgreinar s.s. námstækni, umhverfismennt, spjaldtölvur og uppeldi til ábyrgðar.

Ipad var innleiddur í starf skólans á síðasta vetri og tók það ferli mikinn tíma frá okkur í skipulagningu og endurmennt. Kennarar leik- og grunnskólans fengum Ipad í jan 2013 og um leið hófst fræðsla, unglíngarnir fengu síðan að hausti 2013 og að lokum 1.-7. Bekkur í jan 2014. Í leikskólanum eru til 4 ipadar til afnota fyrir börnin.

Sömuleiðis var unnið að fullklára sameiginlega skólanámskrá leik- og grunnskólans með öllum þeim atriðum og köflum sem þar eiga að vera samkvæmt gátlista mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í sumar verður hún sett saman, lögð fyrir fræðslu- og skólanefnd í haust og gefin út í lok september.

Eftir stendur í vinnunni við skólanámskrána hæfinviðmið aðalnámskrár í grunnskólanum og verður það klárað í haust. Þetta er sá hluti sem skiptar skoðanir hefur verið um og óvíst hvað verður um hann. Þess vegna var ákveðið að bíða aðeins og sjá til hvort áherslur eigi eftir að breystast með hann.

Stigin hafa verið skref í átt að teymiskennslu með því að tengja betur saman starf umsjónarkennara 1.-3. Bekkjar, 4. – 7. Bekkjar og unglingsstigsins. Er það gert með því að búa til svigrúm í töflu og möguleika á samráði, einnig með því að haga töflugerðinni þannig að hægt sé að vinna betur saman með nemendur stiganna. Stigsfundir hafa verið skilgreindir reglulega á samráðsfundum kennara.

Samstarf leik- og grunnskólans hefur verið mótað og skilgreint og verður sýnilegt í stefnu skólans. 5 km eru á milli stofnananna og samstarf skilgreint í átta vikur á hvorri önn. Verkefni og aðkoma starfsmanna er skýr.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Sérstakt teymi var skipað úr hvorum skóla sem hélt utan um skólanámskrárvinnuna. Teymið fundaði hálfsmánaðarlega.

Teymið var skipað eftirfarandi aðilum:

- Jón R. Hilmarsson, skólastjóri
- Katrín Rós Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skólaþróunar
- Þórdís Þórisdóttir, sviðsstjóri leikskólans
- Íris Dröfn Kristjánsdóttir, grunnskólakennari
- Bára Tómasdóttir, deildarstjóri leikskólans
- Jónella Sigurjónsdóttir, grunnskólakennari

Stórir starfsmannafundir á skólaárinu voru þrjár. Fyrir fundina voru lögð drög að verkefnum, köflum og þáttum í starfi skólans sem rætt var með ýmsum hætti, ýmist þvert á öll störf innan skólans, í hópavinnu og almennum umræðum.

Teymið tók síðan saman afrakstur hvers fundar og vann úr þeim gögnum sem voru síðan lögð fyrir næsta stóra fund til samþykktar.

Dr. Ingvar Sigurgeirsson var ráðgjafi í þessari vinnu, hitti teymið öðru hverju og var með okkur á stóru fundunum og stýrði þeim.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Vinna gekk að mestu leyti eftir áætlun nema hvað að vinna við hæfniviðmið grunnskólans standa eftir. Sú vinna verður kláruð á fundum í haust.

Helstu hindranirnar sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Í sjálfu sér komu ekki upp miklar hindranir. Vinnufyrirkomulagið var gott og starfsmannafundirnir skilvirkir og góðir, tryggðu aðkomu allra starfsmanna skólans að vinnunni.

Þar sem þetta er annað árið sem skólinn er að vinna að skólanámskrá sameiginlegs leik- og grunnskólans þá hefur gert vart við sig þreytu í vinnunni. Mikið annað er að gerast í þróunarvinnu skólans og því alltaf þúsluspil að finna öllum þessum verkefnum tíma í skipulag skólans.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningurinn af þessari vinnu er það skipulag sem verkefnið skilur eftir sig. Starf skólans verður skýrara og faglegra. Hlutverk hvers og eins verður gegnsærra og boðleiðir sýnilegri. Aðkoma allra starfsmanna að vinnunni skilur einnig eftir sig skilning á starfi hvers og eins, meiri ábyrgð á starfi skólans með hlutdeild í vinnunni. Starfsfólkið þekkir betur til alls starfs skólans eftir þessa vinnu.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Skólinn kemur til með að eiga sameiginlega skólanámskrá sem tekur til alls starfs skólans. Við verðum komin með góðan leiðarvísi að faglegu starfi skólans.

Niðurstöður verkefnisins:

Skólanámskrárvinnan sem hefur tekið tvö ár í vinnslu hefur gefið starfsfólki skólanna, leik- og grunnskólans vettvang til að ræða faglega um starf skólans, samfellu, samtarf og skil skólastigana. Vinnan hefur aukið skilning á starfi hvers og eins í skólanum og skýrt verkferla, tilgang og markað stefnu til framtíðar skólanum og starfsfólki hans til hagsbóta.

Skólanámskrárvinnan hefur tekið til allra hagsmunaðila skólans og fengið þá að borðinu við vinnuna, þ.e. foreldra, nemendur, almenna starfsmenn, kennara, fræðslu- og skólanefnd og sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar.

Skólanámskrárvinnna hefur gefið okkur sem störfum í skólanum tækifæri á því að heyra í sérfræðingum, heyra í fyrirlesurum, sækja ráðstefnur og námskeið sem hafa með nýja aðalnámskrá leik- og grunnskóla að gera.

Með skólanámskrárvinnunni hefur orðið til vinnulag sem tekur til allra í skólasamfélaginu, tryggir aðkomu þeirra að vinnunni og faglegt verklag með teymi, stórfundum og að lokum góðri niðurstöðu.

Í lok september verðum við komin með fullgilda, metnaðarfulla og skýra skólanámskrá sem tekur á öllu faglegu starfi skólans. Skólanámskráin kemur til með að vera skýr og góður leiðarvísir starfsmanna, nemenda og foreldra um allt starf skólans frá upphafi leikskóla til loka grunnskóla.

Viðmið / gátlisti mennta- og menningarmálaráðuneytis var hafður til hliðsjónar við gerð skólanámskrárinnar. Eins og staðan er í dag þá stendur einungis eftir að vinna að hæfniviðmiðum grunnskólans, annað er klárt.

Verkefnið heldur áfram í haust á upphafsdögum skólans og er stefnt að því að skólanámskráin verði fullgerð í lok september.

Í haust verður verkefnið einnig lagt fyrir fræðslu- og skólanefnd og skólaráð skólans til umsagnar.

Skólanámskráin verður að hluta til sameiginleg og að hluta til í sitt hvoru lagi. Fyrsti kaflinn sem tekur á skólanum, upplýsingum um hann og hinar ýmsu stefnur og áætlanir sem eru sameiginlegar leik- og grunnskóla verður eins. Síðan verður þetta í sitthvoru lagi, er það gert til að koma í veg fyrir flókna uppsetningu og fráhrindandi doðrant. Með þessum hætti teljum við að við fáum gott upplýsingarit um leik- og grunnskólann sem er aðgengilegt, faglegt og hnitmiðað.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið verður kynnt í sveitarfélaginu og skólasamfélaginu þegar skólanámskráin kemur út í lok september. Skólanámskráin verður birt á heimasíðu skólans.

Einnig verður gefinn út bæklingur, eins konar útdráttur úr skólanámskránni í framhaldinu.